



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Tilkynnt var um verðlaunahafa Íslensku menntaverðlaunanna 2020 í dag, föstudaginn 13. nóvember. Upphaflega var stofnað til verðlaunanna árið 2005 og voru þau veitt til ársins 2011 en svo féllu þau niður í kjölfar bankahrunsins og efnahagsþrenginga. Þau hafa nú verið vakin til nýs lífs með öflugum stuðningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis auk embættis forseta Íslands og fjölmargra samtaka og stofnana á vettvangi skóla- og menntastarfs. Markmið verðlaunanna er sem fyrr að vekja athygli á og hefja til vegs í samfélaginu það metnaðarfulla og vandaða starf sem unnið er með börnum og ungmennum á öllum skólástigum.

Fjölmargar tilnefningar bárust um verðuga verðlaunahafa í öllum þremur aðalflokkum Íslensku menntaverðlaunanna og til hvatningarverðlauna. Viðurkenningaráð valdi úr þeim og kynnti niðurstöðu sína á alþjóðlegum degi kennara 5. október síðastliðinn. Úrslitin voru síðan gerð opinber með stafrænum hætti í dag og má nálgast myndband um verðlaunahafana hér:

<https://youtu.be/YWzqwtKwu6k>

Verðlaunahafar Íslensku menntaverðlaunanna 2020:

Verðlaun fyrir **framúrskarandi skólastarf eða menntaumbætur** hlýtur Dalskóli í Úlfarsárdal í Reykjavík fyrir þróun þverfaglegra skapandi kennsluhátta, meðal annars í svokölluðum smiðjum, og starfsþróunarverkefni þar sem kennarar rannsaka eigið starf.

Verðlaun sem **framúrskarandi kennari** hlýtur Birte Harksen, kennari við Heilsuleiksskólann Urðarhól í Kópavogi, fyrir framúrskarandi kennslu

og frumkvæði við að efla skapandi og leikmiðaða starfshætti í leikskólum með vefsvæðunum *Börn og tónlist*, *Leik að bókum* og *Stafagaldri*.

Verðlaun fyrir **framúrskarandi þróunarverkefni** hlýtur þróunarverkefnið *Smiðjur í Langholtsskóla* í Reykjavík sem hefur það markmið að auka veg þverfaglegra viðfangsefna með áherslu á sköpun, lykilhæfni og nýtingu upplýsingatækni í námi.

Hvatningarverðlaun Íslensku menntaverðlaunanna hljóta að þessu sinni Ingvi Hrannar Ómarsson, kennari og frumkvöðull, og Utís hópurinn, sem er lærdómssamfélag brautryðjenda í kennsluháttum, fyrir framúrskarandi stuðning við starfsþróun íslenskra kennara með miðlun framsækinna hugmynda um skapandi skólastarf, nýsköpun og upplýsingatækni þar sem nemandinn er í brennidepli.

Að Íslensku menntaverðlaununum standa embætti forseta Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Félag um menntarannsóknir, Grunnur – félag fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa, Kennaradeild Háskólans á Akureyri, Kennarasamband Íslands, Listaháskóli Íslands (listkennsludeild og tónlistardeild), Menntamálastofnun, Mennta- vísindasvið Háskóla Íslands, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök áhugafólks um skólaþróun og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Hér má sjá vefsíðu verðlaunanna: <https://skolathroun.is/menntaverdlaun/>.

13. nóvember 2020

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).